



Fundargerð

140. fundur svæðisráðs suðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs, haldinn á Höfn í Hornafirði og á fjarfundi, mánudaginn 10. mars kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Sigurjón Andrússon, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Eyrún Fríða Árnadóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Friðrik Jónas Friðriksson, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Lilja Jóhannesdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka, Guðrún Inga Bjarnadóttir, aðalfulltrúi útivistarsamtaka, Tinna Rut Sigurðardóttir, aðalfulltrúi ferðamálasamtaka.

Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði – Höfn, Hrafnhildur Ævarsdóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði – Skaftafell, Anna Ragnarsdóttir Pedersen, aðstoðarþjóðgarðsvörður á suðursvæði – Höfn, Linda Björk Hallgrímsdóttir, aðstoðarþjóðgarðsvörður á suðursvæði – Skaftafell, Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Náttúruverndarstofnunar.

1. Stjórnunar- og verndaráætlun - Viðauki - Hoffellslambatungur - Gagnasöfnun og vinnsla tillögu - 202503-0080

Helga Árnadóttir, verkefnastjóri á stjórnunar- og verndarsviði, kom inn á fundinn.

Lögð fram drög að viðauka, þar sem gerð er grein fyrir tillögu svæðisráðs suðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs að viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins í framhaldi af stækkun hans um Hoffellslambatungur í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Lagt fram minnisblað um smölun í Hoffellslambatungum, tengt vinnu við viðauka stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis.

Svæðisráð þakkar fyrir góða vinnu og óskar þess að vinnslutillaga verði send hagsmunaaðilum til kynningar. Í framhaldi af því kemur málið til umfjöllunar hjá svæðisráði.



2. Suðursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarða 2025 - Vatnajökulspjóðgarður - 202502-0073

Suðaustursvæði, Anna Ragnarsdóttir Pedersen fór yfir. Breytingar á hlutverkum starfsfólks á skrifstofu á Höfn eru smám saman að taka í gildi. Anna Ragnarsdóttir Pedersen hefur tekið við sem þjóðgarðsvörður tímabundið á meðan Steinunn Hödd Harðardóttir sinnir tímabundið starfi sérfræðings á stjórnunar- og verndarsviði Náttúruverndarstofnunar og sinnir fyrst og fremst atvinnumálum. Charli E. Brzeski verður tímabundið í hlutverki aðstoðarþjóðgarðsvarðar og mun í félagi við Önnu sjá um daglegan rekstur svæðisins. Svæðið tekur á móti Landanum frá RÚV í vikunni ásamt því að hlakka til opinberrar heimsóknar forseta Íslands á Jökulsárlóni. Ráðningar fyrir sumarið eru að mestu frágengnar.

Suðvestursvæði, Hrafnhildur Ævarsdóttir fór yfir. Sumarráðningar í vinnslu og á lokametrum fyrir landverði. Örninn, þjónustuhús á tjaldsvæðinu, fær viðhald fyrir sumarið vegna skemmda sem þar hafa komið fram. Þjóðgarðsvörður hitti verkefnastjóra frá Þingvangi varðandi framkvæmdir í landi Skaftafells III og IV og verður óskað eftir kynningu fyrir svæðisráð um fyrirhugaðar framkvæmdir.

Til kynningar.

3. Umsögn - Lýsing - Deiliskipulag - Hoffell - Hornafjörður - 202501-0073

Lagt fram minnisblað um umsögn Náttúruverndarstofnunar varðandi skipulagslýsingu tengda breytingu á aðalskipulagi og vinnslu deiliskipulags fyrir Hoffell II og Hoffellslón.

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, starfsmaður á þróunarsviði Náttúruverndarstofnunar og Axel Benediktsson, sérfræðingur á stjórnunar- og verndarsviði, komu inn á fundinn. Þau kynntu minnisblað þar sem fram koma drög að umsögn Náttúruverndarstofnunar um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags og breytingar á aðalskipulagi sem lúta að áformum um framkvæmdir við Hoffell. Að lokinni kynningu, fóru Jóhanna og Axel af fundinum.

Formaður svæðisráðs leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun:

Síðustu ár hefur verkefnið í Hoffelli verið unnið í þéttri samtali sveitarfélagsins og hagsmunaaðila í Hornafirði.

Samstarf og samtal landeigenda um verkefnið hefur verið öðrum til eftirbreytni – bæði hvað varðar samfélagsábyrgð og umhverfisáherslur, allar framkvæmdir á svæðinu sem áætlaðar eru, verða utan þjóðgarðsins.

Í fjórum markmiðum með stofnun Vatnajökulspjóðgarðs stendur meðal annars: að gefa almenningi kost á að kynnst og njóta náttúru og sögu svæðisins, fræða um það og ýta undir aukinn skilning almennings á gæðum og sérstöðu svæðisins ásamt því að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins.

Verkefnið í Hoffelli fellur vel að þessum markmiðum Vatnajökulspjóðgarðs.

Einhugur hefur verið um verkefnið í bæjarstjórn og fellur verkefnið vel að framtíðarsýn sveitarfélagsins um heilbrigðan vöxt á forsendum verðmætasköpunar.



Tillaga borin upp til samþykktar og samþykkt með 5 atkvæðum gegn 1 atkvæði Lilju Jóhannesdóttur, fulltrúa umhverfisverndarsamtaka.

Sérbókun Lilju Jóhannesdóttur, fulltrúa umhverfis- og náttúruverndarsamtaka í svæðisráði suðursvæðis:

Fulltrúi umhverfis- og náttúruverndarsamtaka í svæðisráði fagnar vandaðri umsögn Náttúruverndarstofnunar um fyrirhugaða framkvæmd í Hoffelli. Réttilega koma fram í umsögninni alvarlegar athugasemdir varðandi umhverfisáhrif hennar enda stangast hún á við náttúruverndarlög og stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs. Framkvæmdin mun spilla nær óröskuðu svæði þar sem áður hefur verið lögð áhersla á kyrrð og lágstemmda uppbyggingu. Hluti framkvæmdarinnar felur í sér að raska stórum jökulgarði, sem liggur rétt við þjóðgarðsmörkin, til að byggja bæði hótél og baðlón. Vatnajökull sjálfur er stærsta perla Vatnajökulspjóðgarðs og því eru áætlanir um að eyðileggja einkennandi jarðmyndanir sem skrásetja sögu hans, líkt og þær sem um ræðir, óásættanlegar. Helsta markmið þjóðgarðs er að vernda náttúruna og gengur þessi framkvæmd gegn því. Betur færi á að uppbygging færi einungis fram á bæjartorfunni í Hoffelli og svæðið inn við jökul fengi áfram að vera ósnortið svo íbúar og gestir geti notið þess á þann hátt um ókomna tíð.

4. Íshellaferðir og jöklagöngur 2024-2025 - staðan - Vatnajökulspjóðgarður - 202502-0112

Í síðustu viku hélt svæðisráð, ásamt starfsfólki þjóðgarðsins, fund með rekstraraðilum sem eru með samning um íshellaferðir og jöklagöngur á suðursvæði. Fulltrúar fagraðs sátu einnig fundinn. Á fundinum kynnti formaður svæðisráðs tillögu fagraðs um tímabil íshellaferða. Á fundinum áttu aðilar uppbyggilegt samtal um málið. Fundurinn fór fram í Nýheimum, miðvikudagskvöldið 5. mars kl. 20 og var einnig streymt á Teams.

Fagrað um íshellaferðir og jöklagöngur leggur til að tímabil hefðbundinna íshellaferða sé frá 1. október til 30. apríl.

Þetta tímabil á við allar ferðir þar sem aðalmarkmiðið er að fara og/eða dvelja undir ísmyndunum með töluverðri hættu að ofan (overhead hazard). Allir íshellar við jökulsporða falla undir ofangreint tímabil líkt og skýrsla Magnúsar Tuma Guðmundssonar, Finns Pálssonar og Jóns Gauta Jónssonar vísar til.

Rökstuðningur vegna þessara meðmæla felst annars vegar í ofangreindri skýrslu Magnúsar Tuma o.fl. en hins vegar á reynslu undanfarinna ára. Reynslan sýnir að íshellar við jökulsporða eru oftast hvorki aðgengilegir né öruggir á tímabilinu maí-september. Eins má búast við örum breytingum á ástandi hella á þessu tímabili, og því geta þeir orðið óstöðugir og óöruggir með skömmum fyrirvara. Því verður að meta ástand og aðgengi íshella á degi hverjum.

Meðmæli vegna sumarferða á skriðjökla (jöklagöngur, ísklifur og annað slíkt) þarfnast frekari umræðu og verður kynnt innan tíðar, í síðasta lagi fyrir lok íshellatímabils.

Fagrað leggur áherslu á að ákvörðunartaka og ábyrgð fyrir öryggi viðskiptavina liggur ávallt hjá fyrirtækjunum.



Svæðisráð þakkar fyrir faglega og góða vinnu fagraðs í vetur og gott samstarf við rekstraraðila.

Svæðisráð tekur fyrir sitt leyti undir tillögu fagraðs um að tímabil hefðbundinna íshellaferða verði frá 1. október til 30. apríl. Svæðisráð hvetur fagrað og rekstraraðila til að halda áfram sinni góðu vinnu við daglegt áhættumat á íshellamyndunum á svæðinu og minnir á að aðstæður geta breyst með litlum fyrirvara.

5. Íshellaferðir og jöklagöngur - auglýsing um úthlutun leyfa - haust 2025 - 202502-0113

Fjallað um starfshóp sem tekið hefur til starfa um auglýsingu um úthlutun leyfa fyrir íshellaferðir- og jöklagöngur haustið 2025.

Lagt til og samþykkt að Friðrik Jónas Friðriksson sitji fyrir hönd svæðisráðs í starfshópi um úthlutun leyfa veturinn 2025-2026. Í hópnum eiga einnig sæti fulltrúar FASK, AIMG, SAF og Náttúruverndarstofnunar, sem leiðir vinnuna. Fulltrúi Náttúruverndarstofnunar verður Sigrún Ágústs dóttir forstjóri.

Svæðisráð leggur einnig til að formaður fagraðs um íshellaferðir og jöklagöngur fái sæti í þessum starfshópi.

Svæðisráð leggur áherslu á að vinna við úthlutun leyfa sé gerð tímanlega svo rekstraraðilar hafi fyrirsjáanleika í sínum áætlunum.

Fundargerð ritaði: Hrafnhildur Ævarsdóttir.

Fundi slitið kl.12:10.